

Reykjavík, 18. október 2018  
R18080100  
6631

## Borgarráð

### ***Beiðni um endurskoðun borgarráðs á afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs frá 17. ágúst sl. vegna Skipholts 11-13.***

Vísað er til erindis Björns Þórs Karlssonar f.h. Íslenskrar fjárfestingar ehf. til borgarráðs þar sem óskað er eftir því að borgarráð endurskoði ákvörðun skipulags- og samgönguráðs frá því 17. ágúst s.l. á málskoti sama aðila vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 11-13 við Skipholt sem felst í að heimila rekstur gististaðar í flokki II á 2. og 3. hæð hússins. Skipulags- og samgönguráð staðfesti afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 á fundi sínum.

Í viðaukum við samþykkt um stjórн Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar um fullnaðarafgreiðslu nefnda, ráða, stjórnar eða annarra aðila innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar í samræmi við heimildir 58. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er fjallað um heimildir skipulagsfulltrúa og umhverfis- og skipulagsráðs (nú skipulags- og samgönguráðs). Í viðauka 2.3. kemur fram að skipulagsfulltrúa er heimilt að framsenda, vísa frá eða synja erindum sem beint er til umhverfis- og skipulagsráðs og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir, án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Í viðauka 1.1. um fullnaðarafgreiðslur ráðsins kemur fram að það fullnaðarafgreiðir án staðfestingar borgarráðs, öll mál sem sveitarstjórn afgreiðir samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. 6. gr. laganna, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Í fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. júní sl. kemur fram að lögð var fram fyrirspurn Björns Þórs Karlssonar dags. 19. júní 2018 ásamt bréfi dags. 19. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 11-13 við Skipholt sem felst í að heimila rekstur gististaðar í flokki II á 2. og 3. hæð hússins. Til vara er óskað eftir að heimilað verði að vera með gististað í flokki II á 3. hæð hússins. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa er neikvæð með vísan til framlagðrar umsagnar. Í fundargerð skipulags -og samgönguráðs frá 17. ágúst sl. kemur fram að lagt hafi verið fram málskot Björns Þórs Karlssonar dags. 3. júlí 2018 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi

fyrir lóðina nr. 11-13 við Skipholt sem felst í að heimila rekstur gististaðar í flokki II á 2. og 3. hæð hússins. Ráðið staðfestir fyrri afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018.

Í ljósi þess að um er að ræða afgreiðslu skipulagsfulltrúa og skipulags- og samgönguráðs á fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi er ekki um að ræða ákvörðun sem uppfyllir skilyrði 24. gr. stjórnsýslulaga um endurupptöku máls. Afgreiðsla fyrirspurnarinnar var því fullnaðarafgreidd á vettvangi skipulags- og samgönguráðs 17. ágúst sl. og kemur ekki til endurskoðunar á vettvangi borgarráðs. Er því mælt með því að borgarráð vísi erindinu frá með vísan til ofangreinds og með vísan til 3. gr. viðauka um embættisafgreiðslur skrifstofustjóra borgarstjórnar.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar